



12. stjórnarfundur LH
26. maí 2021 kl. 20:00
Fjarfundur

Mætt: Guðni Halldórsson, Hákon Hákonarson, Eggert Hjartarson og Sóley Margeirsdóttir úr aðalstjórn og Einar Gíslason, Ómar Ingi Ómarsson og Aníta Aradóttir úr varastjórn.

Fjarverandi: Siguroddur Pétursson, Stefán Logi Haraldsson, Gréta V. Guðmundsdóttir úr aðalstjórn, og Lilja Björk Reynisdóttir og Ingimar Baldvinsson úr varastjórn.

Fundargerð ritar: Berglind Karlsdóttir

Formaður setur fund og stýrir fundi.

1. Samþykkt fundargerðar 11. fundar
2. Tillaga keppnisnefndar um skipun nefndar um Íslandsmót í gæðingakeppni
Á 9. fundi stjórnar LH var erindi GDLH um að formgera Íslandsmót í gæðingakeppni vísað til keppnisnefndar til umfjöllunar. Keppnisnefnd hefur fjallað um málið og leggur til að skipaður verði starfshópur um Íslandsmót í gæðingakeppni líkt og gert var um Íslandsmót í hestiþróttum á síðasta ári.
Afgreiðsla: Samþykkt að skipa starfshóp um Íslandsmót í gæðingakeppni. Óskað er eftir tilnefningum í starfshópinn þannig: 1 fulltrúa frá keppnisnefnd, 1 fulltrúa frá mótanefnd, 2 fulltrúa frá GDLH, 1 fulltrúa úr stjórn ásamt starfsmanni skrifstofu.

SM kemur inn á fund

3. Tillaga keppnisnefndar um leiðbeiningar fyrir frágang mótsskýrslna.
Keppnisnefnd leggur til að dómaranefnd LH gefi út leiðbeiningar um hvernig skuli ganga frá mótsskýrslum. Stjórn hefur falið mótanefnd að útbúa heildstæðar leiðbeiningar um mótahald sem nefndin mun kynna fyrir keppnisárið 2022. Mikil þörf er á að taka saman leiðbeiningar um hvernig ganga skuli frá mótsskýrslum sem allra fyrst.
Afgreiðsla: SM og HS falið að búa til ramma um hvernig gera skuli fullnægjandi mótsskýrslur og koma til tölvunefndar lista yfir hvað þarf að laga í sprotfeng varðandi mótsskýrslur.
4. Bréf formanna Norðurlanda til FEIF og svarbréf FEIF
FEIF veitti frest til 20. Maí til að leggja inn umsókn um að halda HM. Tilraun Norðurlandapjóða og mótshaldara í Herning til að halda HM sem streymismót í lok ágúst gekk því miður ekki upp. Formenn Norðurlandapjóða sendu FEIF sameiginlegt bréf þar sem raktar eru ástæður þess að umsókn var ekki send inn. Sameiginleg tilkynning frá Norðurlandapjóðum verður send á næstu dögum.
5. Úrskurðir aganefndar í málum 1/2021 og 2/2021
Úrskurðir aganefndar í málum 1 og 2 eru samhljóða og vísar aganefnd báðum málum frá með þeim rökum að þeim sé ekki heimilt að fjalla um mál sem koma upp eftir að kærufrestur er liðinn þegar ekki er tekið á málunum hjá yfirdómnefnd viðkomandi móts.



11. Önnur mál

Alþjóðlegt streymismót í samstarfi við Alendis

Verið er að undirbúa alþjóðlegt mót, þar sem landsmeisturum í stærstu löndum Íslandshestamennskunnar verði boðið að taka þátt og að auki velja landsliðsþjálfarar í hverju landi knapa til viðbótar í hverja grein. Mótið fer þannig fram að í sömu útsendingu er sent frá keppni á nokkrum stöðum í Evrópu á sama tíma.

Fundi slitið kl. 21:21